

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. mars 2018
2018010037

Efni: Umsögn - frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja) - 114. mál

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 7. mars 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að taka fram að stofan er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins sem lýtur að því grundvallaratriði að banna inngríp í líkama barna sem ekki eru nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum.

Barnaverndarstofa telur þó nauðsynlegt að umræða um inngríp í líkama barna sé tekin á almennari grundvelli en frumvarp þetta gerir ráð fyrir og telur nauðsynlegt að samfélagið taki heildstætt til skoðunar hvers konar inngríp í líkama barna án læknisfræðilegrar nauðsynjar eru framkvæmd hér á landi og hvar samfélagið telur rétt að draga mörkin.

Einnig telur Barnaverndarstofa mikilvægt að öll börn á Íslandi upplifi að þau séu velkomin og tryggja þurfi að börn sem alast upp við trúarlegan bakgrunn sem er ólíkur þeim sem flestir Íslendingar alast upp við fái það ekki á tilfinninguna að þau séu óvelkomin hér á landi eða litin hornauga. Hætt er við því að með því að gera umskurð refsiverðan þá upplifi drengir í þeim trúarhópum þar sem umskurður viðgengst að þeir séu ekki velkomnir eða að þeim sé mismunað hér á landi.

Rétt er að vekja athygli allsherjar- og menntamálanefndar á því að veruleg hættu er á því að ef umskurður verður gerður refsiverður þá mun það auka verulega líkur á að slíkar aðgerðir verði framkvæmdar í skjóli nætur við hættulegar aðstæður slíkt þar sem ekki er notuð deyfing eða sótthreinsað og aðrir e heilbrigðisstarfsmenn framkvæma aðgerðina og getur slíkt verið drengjunum lífshættulegt.

Barnaverndarstofa fagnar því ef Ísland ætlar að skipa sér í fremstu röð hagsmunagæsluaðila barna en hvetur til þess að það verði gert með fræðslu og samtölum bæði hérlendis og erlendis. Ísland getur orðið leiðandi afl í að breyta viðhorfum heimsbyggðar gagnvart umskurði en það verður ekki gert með því að gera athöfnina refsiverða.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir